



Sameinaðir kraftar

„Sameining Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs var sá viðburður sem mestum tíðindum sætti í íslenska lífeyrissjóðakerfinu á árinu 2016. Birta lífeyrissjóður tók til starfa 1. desember sl. með byr í seglum frá fyrsta starfsdegi. Sameiningin gekk snurðulaust fyrir sig á allan hátt, stofnun Birtu og fyrstu skref nýs lífeyrissjóðs voru samkvæmt áætlun.“ Þorbjörn Guðmundsson, *fráfarandi stjórnarformaður Birtu.*

Iðgjöldin jukust um 18% frá fyrra ári

Iðgjöld til Birtu lífeyrissjóðs jukust um tvo milljarða króna eða um 18% á árinu 2016, miðað við fyrra ár, í tíð Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs. Mest munaði um að framlag atvinnurekenda jókst um 20%. Alls skiluðu sér iðgjöld upp á 13,4 milljarða króna. Flestar tölur sem fulltrúar á ársfundi Birtu lífeyrissjóðs sáu og heyrðu um starfsemi og rekstur voru reyndar mun hærrí en þeir voru vanir á hliðstæðum samkomum hjá Sameinaða og Stöfum.

Það er að vonum, enda er Birta í hópi stærstu lífeyrissjóða landsmanna með um 100 þúsund rétthafa og 16 þúsund virka sjóðfélaga í samtryggingardeild og 25 þúsund rétthafa í séreignardeild.


Alls greiða um 4.500 launagreiðendur til Birtu, heldur færri en ætla mætti ef horft er til fjölda iðgjaldagreiðenda úr röðum launafólks. Skýringin er sú að margir launagreiðendur greiddu bæði til Sameinaða og Stafa. Skjótasta og sýnilegasta samlegðin við sameiningu sjóðanna er því fólgin í einfaldari samskiptum þessara launagreiðenda við einn lífeyrissjóð í stað tveggja.

Fróðleiksmolar úr ársskýrslu Birtu 2016

- Greiddir voru 9,3 milljarðar króna í lífeyri úr sjóðnum árið 2016 en Sameinaði og Stafir greiddu samtals 8,9 milljarða króna í lífeyri árið 2015.
- Um 12 þúsund manns fengu greiddan lífeyri árið 2016.
- Ávöxtun eigna íslenskra lífeyrissjóða var almennt slök á árinu 2016. Hrein raunávöxtun eigna samtryggingardeildar var -1,5%.

- Fjárfestingartekjur voru ríflega 3 milljarðar króna í fyrra en 30 milljarðar króna á árinu 2015. Þar af námu áhrif gengissveiflu íslensku krónunnar um 10,4 milljörðum króna í þá veru að gera erlenda ávöxtun eigna að engu vegna styrkingar krónunnar.
- Í séreignarsjóðum Birtu voru um 12,7 milljarðar króna í lok árs 2016. Hlutfall séreignar, miðað við eignir í samtryggingu, er með því hæsta sem gerist meðal almennra lífeyrissjóða.
- Stöðugildi Birtu eru 30,5. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður nam 5,1% af iðgjöldum 2016 og 0,22% af meðalstöðu eigna.

EIGNASAMSETNING SAMTRYGGINGARDEILDAR 31.12.2016



Kveðjustund á krossgötum

„Starfsfólk okkar lagði mikið á sig fyrstu mánuðina eftir formlega sameiningu sjóðanna,” sagði Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri á ársfundi Birtu. „Við höfum einvala lið og því ber að þakka að verkefnið gekk fumlaust fyrir sig.” Hann þakkaði jafnframt sérstaklega þremur starfsmönnum sem láta nú af störfum fyrir aldurs sakir eftir langan og farsælan feril.

Björk Ingvarsdóttir hættir eftir 33 ára starfsferil í lífeyrissjóðakerfinu og Ásta Friðbjörg Kristjónsdóttir á að baki 30 ár á sama vettvangi við lok síns starfsferils.

Ólafur Haukur Jónsson hættir líka eftir að hafa starfað í rúmlega 10 ár hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum. Hann var skrifstofustjóri og síðar framkvæmdastjóri Sameinaða lífeyrissjóðsins, þar áður framkvæmdastjóri Sameinaða líftryggingafélagsins.

„Björk og Ásta hafa báðar gengið í gegnum margar sameingar í lífeyrissjóðakerfinu, misstórar. Ólafur Haukur féllst á að vera hjá okkur þar til fyrstu og örðugustu hjallar sameingar væru að baki. Framlag hans og mjög ánægjulegt samstarf stuðlaði að því að sameiningin heppnaðist svona vel,” sagði framkvæmdastjórinn.

Ársfundurinn færði líka Önnu Guðnýju Aradóttur þakkir fyrir störf hennar í þágu Birtu lífeyrissjóðs og þar áður Stafa lífeyrissjóðs. Hún var formaður og varaformaður stjórnar Stafa síðustu ár sjóðsins, tók virkan þátt í sameiningunni við Sameinaða og var valin varaformaður Birtu á stofnfundi. Anna Guðný sagði sig úr stjórn Birtu í vetur vegna starfa á öðrum vettvangi.



Ólafur Haukur Jónsson



Ásta Friðbjörg Kristjónsdóttir



Björk Ingvarsdóttir



Anna Guðný Aradóttir

Mótframlag atvinnurekenda hækkar í 10,0% 1. júlí 2017

Mótframlag atvinnurekenda hefur nú þegar hækkað um 0,5% af launum, í samræmi við kjarasamninga milli SA og ASÍ, sem gerðir voru fyrir rúmu ári síðan. Þann 1. júlí nk. hækkar iðgjaldið um 1,5% til viðbótar og verður þá 10,0% af launum. Eigið framlag launafólks er óbreytt, 4,0%, og því verður heildarframlag 14,0% frá og með 1. júlí 2017.

Núverandi mótframlag atvinnurekenda rennur allt í samtryggingu. Samkvæmt kjarasamningunum var gert ráð fyrir að launafólk hefði val um að ráðstafa viðbótariðgjaldinu í heild eða að hluta í svonefnda tilgreinda séreign. Með tilgreindri séreign er átt við séreignarsparnað sem erfist en gert er ráð fyrir að hann verði varðveittur hjá þeim sjóði sem móttekur skylduiðgjald skv. kjarasamningi.

Forsenda þess að hægt sé að veita launafólki val um ráðstöfun viðbótariðgjaldsins, þ.e. 2,0% m.v. 1. júlí 2017, er að gerðar séu lágmarksbreytingar á lögum. Málið bíður núna afgreiðslu hjá fjármálaráðuneytinu en ráðherra

skipaði vinnuhóp til að rýna hvernig komist verði af með lágmarksbreytingar á lögum svo hægt verði að innleiða efni kjarasamningsins. Komi ekki til breytinga á lögum liggur því fyrir samkvæmt efni kjarasamningsins að viðbótariðgjaldið rennur í samtryggingu.

Birta lífeyrissjóður mun fylgjast grannt með stöðu mála og veita frekari upplýsingar jafnóðum á heimasíðu sjóðsins, birta.is. Komi til þess að lögum verði breytt er sú ákvörðun ekki afturvirk, þ.e. launafólk mun þá hafa val um ráðstöfun viðbótariðgjaldsins frá og með þeim tíma þegar lögin taka gildi.

Helstu niðurstöður ársreiknings

Samtryggingardeild, 31. desember 2016

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	2016	2015
Iðgjöld	12.836.518	10.774.226
Lífeyrir	-8.767.742	-8.244.625
Fjárfestingartekjur	2.795.091	30.088.844
Fjárfestingargjöld	-311.225	-585.184
Rekstrarkostnaður	-656.466	-603.837
Sameiningarkostnaður	-72.680	0
Breyting á hreinni eign á tímabilinu:	5.823.496	31.429.424
Hrein eign í upphafi tímabils:	301.581.993	270.152.569
Hrein eign til greiðslu lífeyris í lok tímabils:	307.405.489	301.581.993

Efnahagsreikningur 31.12.2016		
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	127.452.729	131.511.675
Skuldabréf	172.288.952	159.628.624
Bundnar bankainnstæður	1.501.490	1.714.746
Aðrar fjárfestingar	372.119	754.346
Kröfur	1.795.183	1.541.394
Varanlegir rekstrarfjármunir	175.355	175.235
Handbært fé	4.684.254	8.689.649
Eignir samtals:	308.270.083	304.015.669
Skuldir:	-864.594	-2.433.676
Hrein eign til greiðslu lífeyris í lok tímabils:	307.405.489	301.581.993


Lífeyrisskuldbindingar 31.12.2016		
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	-24.550.187	-7.648.100
Sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum	-7,6%	-2,6%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	-19.653.779	-2.400
Sem hlutfall af heildarskuldbindingum	-4,1%	0,0%

Kennitölur		
Hrein raunávöxtun miðað við vísitölu neysluverðs	-1,5%	8,5%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár	5,3%	6,1%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 10 ár	0,5%	-
Eignir í íslenskum krónum	78,0%	74,2%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	22,0%	25,9%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	15.927	14.808
Fjöldi lífeyrisþega	12.058	11.797
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna	0,22%	0,22%


Sparnaðarleiðir Birtu

Eitt af markmiðunum með sameiningu Stafa og Sameinaða í Birtu lífeyrissjóð var að auka hagkvæmni í rekstri til hagsbóta fyrir rétthafa. Í kjölfar sameiningar var því sparnaðarleiðum séreignardeildar fækkað úr átta í þrjár. Sjóðfélagar geta ávaxtað séreignarsparnað sinn í eftirfarandi leiðum:


BLÖNDUÐ LEIÐ



SKULDABRÉFALEIÐ



INNLÁNSLEIÐ



Innlán Skuldabréf Hlutabréf Önnur verðbréf

Í **blandaðri leið Birtu** er lögð áhersla á eignadreifingu. Hlutabréfaeign samanstendur af dreifðu safni hlutabréfa í fyrirtækjum víða um heim. Stærstur hluti skuldabréfaeignar er ríkisskuldabréf, skuldabréf sveitarfélaga og skuldabréf annarra traustara skuldara.

Skuldabréfaeign er ætlað að gefa stöðuga ávöxtun, bæði til skemmri og lengri tíma. Megináherslan er á verðtryggt skuldabréf traustara útgefenda, svo sem ríkis og sveitarfélaga.

Eignir Innlánsleiðar eru innlán í bönkum og má búast við jafnri og stöðugri ávöxtun, þó að hún geti verið lægri til lengri tíma litið en í söfnum þar sem sveiflur eru meiri.

Við val sparnaðarleiðar er skynsamlegt að taka mið af aldri, fjárhagsstöðu og viðhorfi til áhættu, auk þess sem sérstakar aðstæður hvers og eins geta skipt máli. Á heimasíðu sjóðsins, birta.is, eru upplýsingar um ávöxtun ásamt eignaskiptingu. Þá er hægt að fylgjast með þróun eigin séreignarsparnaðar á sjóðfélagavef heimasíðunnar. Vefurinn er uppfærður daglega.

Skattfrjáls ráðstöfun séreignariðgjalda inn á húsnæðislán

Að gefnu tilefni viljum við benda á að heimild til ráðstöfunar séreignariðgjalda inn á lán var framlengd um tvö ár eða til 30. júní 2019. Á næstu mánuðum þurfa þeir sem í dag nýta sér heimildina að staðfesta rafrænt, á heimasíðunni leidretting.is, hvort þeir vilji halda því áfram eða ekki. Þetta verður auglýst betur í fjölmiðlum þegar nær dregur og á birta.is.

Einnig er vert að nefna að varanlegt úrræði sem hvetja á til húsnæðissparnaðar, „Fyrsta fasteign“, mun taka gildi 1. júlí nk. Úrræðið nær til þeirra sem eru að kaupa sína fyrstu fasteign og hafa ekki greitt séreign inn á lán eða nýtt séreign til húsnæðis-kaupa fyrir 1. júlí 2017. Ekki er sótt um úrræðið sérstaklega fyrr en kaupsamningur liggur fyrir en greiða þarf reglulega í séreign samkvæmt séreignarsamningi þar til sótt er um útgreiðslu.

Nánari upplýsingar um skattfrjálsa ráðstöfun séreignar er að finna á birta.is. Þar er einnig að finna samning um séreignarsparnað sem fylla má út og skila til sjóðsins til þess að nýta sér þessi úrræði.

Kynningarfundur fyrir sjóðfélaga sem nálgast töku lífeyris

Þegar líður að töku lífeyris þarf að huga að mörgu. Til þess að aðstoða sjóðfélaga við að taka upplýsta ákvörðun um hvenær hefja eigi töku lífeyris verður haldinn kynningarfundur 7. júní næstkomandi klukkan 17.00 á skrifstofu sjóðsins, Sundagörðum 2. Þar gefst sjóðfélögum kostur á að kynna sér betur lífeyrisréttindi sín og fræðast um það helsta sem tengist þessum tímamótum. Sjóðfélagar, 64 ára á árinu, fá boðsbréf á fundinn en einnig geta áhugasamir skráð sig með því að hringja í síma 480 7000 eða senda tölvupóst á birta@birta.is með upplýsingum um nafn, kennitölu og símanúmer.